

Tillaga til þingsályktunar

um áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla skv. 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

Frá atvinnuveganefnd.

Alþingi ályktar, með vísan til 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, að á fiskveiðiárinu 2016/2017 skuli því aflamagni sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. 8. gr. laganna varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuviltununar skv. 8. mgr. 11. gr., til strandveiða skv. 6. gr. a, til veiða sem eru taldar í 6. gr. og til annarra tímabundinna ráðstafana samkvæmt lögnum með þeim hætti sem hér segir:

1. Allt að 9.000 tonnum til strandveiða.
2. Allt að 2.000 tonnum til rækju- og skelbóta.
3. Allt að 6.500 tonnum til stuðnings byggðarlögum.
4. Allt að 5.700 tonnum til aflamarks Byggðastofnunar.
5. Allt að 5.700 tonnum til línuviltununar.
6. Allt að 300 tonnum til frístundaveiða.
7. Allt að 125 tonnum til áframeldis á þorski.
8. Allt að 1.000 tonnum verði lögð til hliðar til sérstakra tímabundinna ráðstafana.

Greinargerð.

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða skal ráðstafa 5,3% af leyfilegum heildarafla til sérstakra atvinnu- og byggðaráðstafana. Í 5. mgr. sömu greinar er kveðið á um að verja skuli aflamagni sem dregið er frá heildarafla til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna, til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna, til línuviltununar skv. 8. mgr. 11. gr. laganna, til strandveiða skv. 6. gr. a laganna, til veiða skv. 6. gr. laganna og til annarra tímabundinna ráðstafana samkvæmt lögnum.

Á síðasta löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun nr. 15/144, um áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla skv. 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Hún gildir fyrir fiskveiðiárið 2015/2016. Nú er að nýju lagt til að heimildunum verði ráðstafað til eins fiskveiðiárs.

Samkvæmt ályktun nr. 15/144 voru aflaheimildir úr almenna byggðakvótanum færðar í aflamark Byggðastofnunar. Þetta var gert í ljósi skýrslu Vífils Karlssonar þar sem fram kom að vænta mætti meiri byggðafestuáhrifa með því móti þar sem báðum úrræðum væri beitt.¹ Sá annmarki var á rannsókninni að eingöngu voru skoðaðir þeir staðir sem eru með samning um sértækan byggðakvóta Byggðastofnunar en ekki athuguð áhrif almenna byggðakvótans eða annarra atvinnu- og byggðaráðstafana annars staðar. Vonir eru bundnar við aflamark Byggðastofnunar og meiri jákvæðni er til þess verkefnis og langtímahugsunar þess.

¹ www.atvinnuvegaraduneyti.is/sjavarutvegs-og-landbunadarmal/frettir/nr/8577

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gerði samning við Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) um greiningu á byggðafestuáhrifum þeirra atvinnu- og byggðaráðstafana sem lög um stjórn fiskveiða kveða á um. Vífill Karlsson, hagfræðingur og dósent við HA, og Hjalti Jóhannesson, landfræðingur og sérfræðingur hjá RHA, skiluðu lokaskýrslu 23. febrúar 2016 sem ber heitið *Skýrsla um ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla og áhrif þess á byggðafestu*.² Samkvæmt skýrslu RHA er niðurstaðan af þeirri aðhvarfsgreiningu sem beitt var sú að almenni byggðakvótinn er talinn skila mestum byggðafestuáhrifum af þeim aðgerðum sem lengst hefur verið beitt en línuívilnun og strandveiðar eru til skiptis í öðru og þriðja sæti eftir því hvaða aðferð er beitt en skelbætur voru taldar sístar til að ná fram ætluðum byggðafestuáhrifum.

Áfram verður unnið með málið á grundvelli þeirra úttekta sem fram hafa farið en eins og áður segir er nú lögð til ráðstöfun fyrir næsta fiskveiðiár. Að þessari niðurstöðu fenginni er talið rétt að gera ekki viðamiklar breytingar milli ára. Kristján L. Möller og Lilja Rafney Magnúsdóttir lýsa ekki efnislega stuðningi við tillöguna en gera ekki athugasemdir við að nefndin flytji hana og að hún komist á dagskrá. Þau áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögu við málið í kjölfar umfjöllunar nefndarinnar. Eftirfarandi eru nánari skýringar við einstaka liði tillögunnar:

1. Strandveiðar.

Lagt er til að strandveiðar verði með svipuðu sniði og á yfirstandandi fiskveiðiári. Jafnvægi þykir vera komið á strandveiðarnar, fjöldi báta er stöðugur milli ára og nokkur festa komin í útgerðarmynstrið. Afleidd áhrif strandveiða þykja nokkur í þeim byggðum sem helst er gert út frá, einkum á hafnir og þjónustu við strandveiðimenn en meginhluti strandveiðiafla fer á markað. Arðsemi af veiðunum sjálfum hefur verið neikvæð samkvæmt úttekt Hagstofunnar sem birt er í *Hagur veiða og vinnslu* og því er sérstaklega mikilvægt að horfa til byggðafestuáhrifa strandveiða í þeirri úttekt sem nú hefur verið gerð. Um strandveiðar segja skýrsluhöfundar RHA-skýrslunnar:

- Almenni byggðakvótinn skilar mestum byggðafestuáhrifum af þeim ráðstöfunum laga um stjórn fiskveiða sem lengst hefur verið beitt en línuívilnun og strandveiðar koma þar á eftir í öðru og þriðja sæti en skelbætur eru taldar sístar.
- Strandveiðarnar og almenni byggðakvótinn höfðu mestu byggðafestuáhrif á stórhöfuðborgarsvæðinu.
- Skipting og dreifing strandveiða og almenna byggðakvótans var mun jafnari á milli staða en vegna línuívilnunar og skelbóta.

Aflamagn til strandveiða síðustu þrjú fiskveiðiár og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 samkvæmt núgildandi aflaheimildum og þorskígildisstuðlum er sem hér segir:

Fiskveiðiárið 2013/2014			Fiskveiðiárið 2014/2015			Fiskveiðiárið 2015/2016			Áætlun fiskveiðiárið 2016/2017			
Strandveiðar			Strandveiðar			Strandveiðar			Strandveiðar			
	Úr sjó	Þfg.	Úr sjó	% af heild		Úr sjó	% af heild	Þorskur	Úr sjó	Þfg.	% af heild	
Þorskur	7.500	6.300	Þorskur	7.500	Þorskur	7.900		Þorskur	8.000	6.720		
Ufsi	1.100	711	Ufsi	1.100	Ufsi	1.100		Ufsi	1.000	647		
	8.600	7.011		8.600	31,85%		9.000	31,09%		9.000	7.367	30,69%

2. Skel- og rækjubætur.

² www.atvinnuvegaraduneyti.is/sjavarutvegs-og-landbunadarmal/frettir/ny-skyrsla-rha-um-radstofun-aflamagns-og-ahrif-thess-a-byggdafestu

Lagt er til að skel- og rækjubætur verði óbreyttar næsta fiskveiðiár. Bótunum var upphaflega komið á til að minnka það áfall sem skel- og rækjuútgerðir urðu fyrir með falli stofnanna og gefa þeim svigrúm til endurskipulagningar. Ákvæðin komu til á ólíkum tíma og við setningu þeirra var skýrt að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða. Með hliðsjón af upphaflegum gildistíma ættu ákvæðin að vera fallin úr gildi en þau hafa árlega verið framlengd. Um skel- og rækjubætur segja skýrsluhöfundar eftirfarandi:

- Almenni byggðakvótinn skilar mestum byggðafestuáhrifum af þeim pottum sjávarútvegsins sem hefur lengst verið beitt en línuívilnun og strandveiðar komu þar á eftir í öðru og þriðja sæti en skelbætur voru sístar.
- Á Norðurlandi og Austurlandi höfðu skelbætur mestu byggðafestuáhrifin.
- 98% skelbótanna hafa farið til 27 hafna með mesta úthlutun á árunum 2003–2014.
- Af 68 útgerðarstöðum fóru skelbætur á 41 stað á tímabilinu, mest 7.034 tonn til Stykkishólms en næstmest 5.175 tonn til Hafnarfjarðar og síðan 2.999 tonn til Ísafjarðar. Í Stykkishólmi virðast skelbætur hafa skipt sköpum fyrir byggðafestu þó að greiningarlíkanið nái ekki utan um það.

Aflamagn til skel- og rækjubóta síðustu þrjú fiskveiðiár og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 samkvæmt nügildandi aflaheimildum og þorskígildisstuðlum er sem hér segir:

Fiskveiðiárið 2013/2014			Fiskveiðiárið 2014/2015			Fiskveiðiárið 2015/2016			Áætlun fiskveiðiárið 2016/2017			
Rækju- og skelbætur			Rækju- og skelbætur			Rækju- og skelbætur			Rækju- og skelbætur			
Úr sjó	Þígg.		Úr sjó	% af heild		Úr sjó	% af heild		Úr sjó	Þígg.	% af heild	
Þorskur	1.486	1.302	Þorskur	1.385		Þorskur	1.331		Þorskur	1.412	1.186	
Ýsa	226	203	Ýsa	195		Ýsa	165		Ýsa	215	222	
Ufsi	493	304	Ufsi	372		Ufsi	398		Ufsi	325	210	
Steinbítur	50	40	Steinbítur	48		Steinbítur	54		Steinbítur	48	34	
	2.255	1.849		2.000	7,41%		1.948	6,73%		2.000	1.653	6,82%

3. Byggðakvóti (almennur).

Í skýrslu Vífils Karlssonar og Hjalta Jóhannessonar er niðurstaða aðhvarfsgreiningar eftirfarandi:

- Almenni byggðakvótinn skilar mestum byggðafestuáhrifum af þeim pottum sjávarútvegsins sem lengst hefur verið beitt.

Með hliðsjón af niðurstöðu skýrsluhöfunda þykir einsýnt að almenni byggðakvótinn skili ágætum byggðafestuáhrifum og þykir rétt að leggja til að úthlutun hans haldi áfram í þeirri mynd sem hann hefur verið undanfarin ár.

Aflamagn til almenna byggðakvótans síðustu þrjú fiskveiðiár og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 samkvæmt nügildandi aflaheimildum og þorskígildisstuðlum er sem hér segir:

Fiskveiðiárið 2013/2014			Fiskveiðiárið 2014/2015			Fiskveiðiárið 2015/2016			Áætlun fiskveiðiárið 2016/2017			
Byggðakvóti			Byggðakvóti			Byggðakvóti			Byggðakvóti			
Úr sjó	Þígg.		Úr sjó	% af heild		Úr sjó	% af heild		Úr sjó	Þígg.	% af heild	
Þorskur	5.574	4.682	Þorskur	5.094		Þorskur	4.836		Þorskur	4.588	3.854	
Ýsa	988	1.021	Ýsa	717		Ýsa	737		Ýsa	699	722	
Ufsi	1.482	959	Ufsi	1.368		Ufsi	1.113		Ufsi	1.056	683	
Steinbítur	195	139	Steinbítur	177		Steinbítur	166		Steinbítur	157	112	
	8.239	6.800		7.355	27,24%		6.852	23,67%		6.500	5.371	22,17%

4. Sérstakur byggðakvóti Byggðastofnunar.

Aukið verður við þær aflaheimildir sem Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar til að styðja við sjávarþorp í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Vísbendingar eru um að úrræðið sem nú er á þriðja ári kunni að vera árangursríkara en mörg úrræða fiskveiðistjórnarkerfisins. Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun eru nú 11 byggðarlög með samning um úthlutun aflamarks stofnunarinnar og enn gætu nokkur byggðarlög hugsanlega þurft á viðbótaraflamarki að halda til þess að vinnsla og atvinna haldist allt árið. Byggðarlögin og magn á hvern stað er eftirfarandi í þorskígildum talið:

- Tálknafjörður/Patreksfjörður . 400 tonn
- Þingeyri 400 tonn
- Flateyri 300 tonn
- Suðureyri 400 tonn
- Drangnes 150 tonn
- Hrísey 250 tonn
- Grímsey 400 tonn
- Raufarhöfn 400 tonn
- Bakkafjörður 150 tonn
- Breiðdalsvík 300 tonn
- Djúpivogur 800 tonn

Í skýrslu Vífils og Hjalta segir m.a.: „Í nýlegri skýrslu var lagt mat á aflamark Byggðastofnunar eða sértæka byggðakvótann eins og það er líka kallað (Vífill Karlsson, 2015a). Þar var fjallað um ýmsar mögulegar aðferðir til beitingar við greiningu sem þessa og var þar fyrst greint á milli opinberra verkefna sem hafa verið í gangi um lengri eða skemmri tíma. Pottarnir eða viðfangsefnin sem hér eru til umfjöllunar hafa verið í gangi í a.m.k. sex ár og hafa snert fjölda byggðarlaga. Það er því fyrirbyggjandi fullnægjandi gagnasafn til að framkvæma flóknari tölfræðilega aðferð en í tilviki sértæka byggðakvótans sem aðeins hefur verið úthlutað síðan 2013.“

Aflamagn til sérstaks byggðakvóta Byggðastofnunar síðustu þrjú fiskveiðiár og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 samkvæmt núgildandi aflaheimildum og þorskígildisstuðlum kemur fram í töflunni. Lagt er til að þessar heimildir séu hækkaðar um 800 tonn og er það gert til samræmis við þau verkefni sem talin eru liggja fyrir:

Fiskveiðiárið 2013/2014			Fiskveiðiárið 2014/2015			Fiskveiðiárið 2015/2016			Áætlun fiskveiðiárið 2016/2017			
Aflamark Byggðastofnunar			Aflamark Byggðastofnunar			Aflamark Byggðastofnunar			Aflamark Byggðastofnunar			
Hlutfall teg.	Úr sjó	Þíg.	Úr sjó	% af heild	Úr sjó	% af heild	Úr sjó	% af heild	Þorskur	Úr sjó	Þíg.	% af heild
0,6766	1.450	1.218	Þorskur	2.404	Þorskur	3.459	Þorskur	4.023	3.380			
0,1199	223	216	Ýsa	338	Ýsa	527	Ýsa	613	633			
0,1799	470	324	Ufsi	646	Ufsi	796	Ufsi	926	599			
0,0237	50	43	Steinbítur	83	Steinbítur	119	Steinbítur	138	98			
1,0000	2.193	1.800		3.472	12,86%		4.901	16,93%		5.700	4.710	19,44%

5. Línuviltun.

Um aflaheimildir til línuviltunar segir í skýrslu Vífils og Hjalta nú:

- Línuviltun hefur mest byggðafestuáhrif á þær sjávarbyggðir sem eru viðkvæmastar og í mikilli einangrun.
- Bolungarvík bar höfuð og herðar yfir þá staði sem nýttu sér línuviltun með 9.507 tonn á tímabilinu 2003–2014 en Ólafsvík kom þar á eftir með 3.803 tonn. Rif, Siglufjörður

og Suðureyri fylgdu svo í kjölfarið með mjög svipaða magn og Ólafsvík.

Í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu mun fljótlega hefjast vinna við endurskoðun ákvæða laga um línuvöðun. Gert er m.a. ráð fyrir að leitað verði leiða til að setja vinnsluskýldu á línuvöðunarafla og tryggja þannig betur byggðafestuáhrif aðgerðarinnar. Auk þess verður sérstök ívöðun handbeittar línu endurskoðuð. Gert er ráð fyrir að ráðherra flytji frumvarp á næsta þingi um þetta efni.

Aflamagn til línuvöðunar síðustu þrjú fiskveiðiár og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 samkvæmt nógildandi aflaheimildum og þorskígildisstuðlum er sem hér segir:

Fiskveiðiárið 2013/2014			Fiskveiðiárið 2014/2015			Fiskveiðiárið 2015/2016			Áætlun fiskveiðiárið 2016/2017			
Línuvöðun			Línuvöðun			Línuvöðun			Línuvöðun			
	Úr sjó	Þíg.		Úr sjó	% af heild		Úr sjó	% af heild		Úr sjó	Þíg.	% af heild
Þorskur	3.375	2.835	Þorskur	3.375		Þorskur	3.500		Þorskur	3.500	2.940	
Ýsa	2.100	2.170	Ýsa	1.300		Ýsa	1.425		Ýsa	1.425	1.472	
Steinbítur	900	640	Steinbítur	700		Steinbítur	775		Steinbítur	775	551	
	6.375	5.645		5.375	19,91%		5.700	19,69%		5.700	4.963	19,44%

6. Frístundaveiðar.

300 tonnum af þorski verður ráðstafað til frístundaveiða. Reglur um þær verða óbreyttar. Aflamagn til frístundaveiða þrjú fiskveiðiár og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2016/2017, samkvæmt nógildandi aflaheimildum og þorskígildisstuðlum er sem hér segir:

Fiskveiðiárið 2013/2014			Fiskveiðiárið 2014/2015			Fiskveiðiárið 2015/2016			Áætlun fiskveiðiárið 2016/2017			
Frístundaveiðar			Frístundaveiðar			Frístundaveiðar			Frístundaveiðar			
	Úr sjó	Þíg.		Úr sjó	% af heild		Úr sjó	% af heild		Úr sjó	Þíg.	% af heild
Þorskur	300	252	Þorskur	200	0,74%	Þorskur	300	1,04%	Þorskur	300	252	1,02%

7. Áframeldi í þorski.

Að jafnaði hefur 500 tonnum af þorski verið ráðstafað til áframeldis í kvíum. Ákvæðið var lögfest til bráðabirgða við lög um stjórn fiskveiða, með lögum nr. 85/2002, og var markmið þess að skapa tækifæri til aukinnar þekkingar á þorskeldi og fýsileika þess á meðan kynbætur færu fram þannig að aleldi gæti farið fram á þorski. Ákvæðið hefur verið framlengt nokkrum sinnum. Ljóst er að þróun í fiskeldi er ekki til áframeldis á þorski og kynbætur hafa ekki orðið að veruleika þannig að aleldi sé framundan. Í ljósi þessa var ákveðið að lækka heimildir til áframeldis á þorski um helming fiskveiðiárið 2015/2016 og voru þær lækkaðar úr 500 tonnum í 250 tonn. Nú er enn lagt til að dregið verði úr magninu og það lækkað í 125 tonn. Aflamagn til áframeldis á þorski síðustu þrjú fiskveiðiár og áætlun fyrir fiskveiðiárið 2016/2017 er eftirfarandi:

Fiskveiðiárið 2013/2014			Fiskveiðiárið 2014/2015			Fiskveiðiárið 2015/2016			Áætlun fiskveiðiárið 2016/2017			
Áframeldi			Áframeldi			Áframeldi			Áframeldi			
	Þíg.	% af heild		% af heild		% af heild		Þíg.	% af heild		% af heild	
Þorskur	500	420	Þorskur	0	0,00%	Þorskur	250	0,86%	Þorskur	125	105	0,43%

8. Aflamagn tekið frá vegna tímabundinna aðgerða.

Talið er nauðsynlegt að eiga varasjóð sem svarar til um 1.000 þorskígildistonna til að grípa í ef upp koma skyndileg vandamál á viðkvæmum atvinnusvæðum en hingað til hafa stjórnvöld verið bundin af úthlutun aflamarks í upphafi fiskveiðiárs og öllu aflamarki ráð-

stafað. Reynslan sýnir að upp geta komið aðstæður þar sem nauðsynlegt er að geta brugðist skjótt við til aðstoðar. Gert er ráð fyrir að ráðstöfun þessa aflamarks verði í höndum Bygga- stofnunar og falli undir ákvæði um byggðakvóta hennar. Gert er ráð fyrir að úthlutun samkvæmt þessu geti eingöngu verið til eins árs í senn.

9. Makrílheimildir.

Þrátt fyrir áform á síðasta fiskveiðiári um sölu á hluta makrílheimilda til minni báta gegn ákveðnu gjaldi var heimildunum ekki ráðstafað vegna sölutregðu sem upp kom í kjölfar viðskiptabanns Rússa, sem var helsti markaður okkar fyrir makríl.

10. Aflaheimildir í síld.

Lagt er til að 800 tonnum af síld verði ráðstafað til smábáta undir 30 brúttótonnum í samræmi við þær úthlutunarreglur sem hafa gilt á grundvelli bráðabirgðaákvæðis VIII í lögum um stjórn fiskveiða. Mismikið hefur verið sótt í veiðarnar en þekking á þeim hefur byggst upp, sem og mikilvægur iðnaður í kringum þær, á viðkvæmu atvinnusvæði sem æskilegt er að halda við. Heimildir sem ekki hefur verið ráðstafað til báta sem falla undir skilgreiningu ákvæðisins 1. október 2016 skulu boðnar öllum skipum til kaups.

11. Skiptimarkaður með aflaheimildir.

Reynsla undanfarinna þriggja fiskveiðiára sýnir að ekki næst það aflamagn á skipti- markaði Fiskistofu sem þarf fyrir hinar ólíku ráðstafanir.

Á fiskveiðiárinu 2013/14 vantaði um 7 þúsund tonn af þorski í skiptipottinn.

Á fiskveiðiárinu 2014/2015 vantaði um 200 tonn af þorski, 738 tonn af ýsu, 610 tonn af steinbít og 412 tonn af ufsa.

Á fiskveiðiárinu 2015/2016 er útlit fyrir að það vanti 6.400 tonn af þorski og 492 tonn af ufsa, svo jöfnuði sé náð. Lögð var áhersla á að fá meiri ýsu en til þurfti fiskveiðiárið 2015/2016 til þess að leiðrétta það sem á vantaði fiskveiðiárið 2014/2015.

Gera má ráð fyrir að magn fyrir ráðstafanir samkvæmt lögunum lækki samkvæmt framan- sögðu á fiskveiðiárinu 2016/17.

12. Tekjur sem fást við sölu aflaheimilda.

Gert er ráð fyrir að tekjur sem fást af ráðstöfun aflaheimilda á grundvelli tillögu þessarar renni í ríkissjóð.